



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 6. febrúar 2008
Ákvörðun nr. 9/2008

Samruni JK Fjárfestinga ehf., MK Fjárfestinga ehf., Eico ehf., Tarra ehf., A4-skrifstofuvörur ehf. og Fálkamýri ehf.

1.

Með bréfi Fulltingis, dags. 13. desember sl., var tilkynnt um samruna JK Fjárfestinga ehf. (JK), MK Fjárfestinga ehf. (MK), Eico ehf. (Eico), Tarra ehf. (Tarra), A4-skrifstofuvara ehf. (A4) og Fálkamýri ehf. (Fálkamýri). Bréfinu fylgdi samrunaskrá, þar sem framsetning miðast við viðauka í reglum nr. 880/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdu einnig samningar um kaupin auk ársreikninga fyrir árin 2005 og 2006 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra. Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrði eru metin uppfyllt.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að aðalstarfsemi JK, MK og Fálkamýri sé rekstur eignarhaldsfélaga en JK sé eigandi flestra samrunaaðila. Eico selji gervihnattabúnað, útvarps- og sjónvarpstæki í smásöluverslun sinni. Tarra selji bæði í heildsölu og smásölu blekhylki, dufthylki, pappír, afritunarvörur, pappírshúllur og blekhylki fyrir plotterprentara og auglýsingavörur. Rafeindatækni sé viðgerðarverkstæði en tilheyri samrunaaðilum ekki lengur þar sem það hafi verið selt mánuði eftir kaup þess. A4 sé nýtt félag og hafi orðið til við samruna Odda-skrifstofuvara ehf. sem hafi verið smásala á sviði skrifstofuvara, húsgagna, pappírs og ritfanga og Skólavörubúðarinnar sem hafi verið bóka- og ritfangaverslun sem hafi selt húsgögn fyrir skóla auk hannyrða og föndurvara, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2006.

Fram kemur í samrunaskránni að markmið samrunans sé að hámarka samlegð. Að setja félögin öll undir einn hatt komi sér vel að því er varði fjármál, birgðahald, innkaup og markaðsmál. Muni samruninn leiða til hagsbóta fyrir neytendur með t.a.m. skjóttari afgreiðslutíma, lægra verði og auknu úrvali vara. Félögin verði þó áfram aðskilin með sér fjármál, bókhald og kennitölu. Eignarhald félaganna verði að mestu leyti í höndum JK og MK. Yfirráð á markaði muni ekki breytast með teljandi hætti þar sem þegar hafi verið búið að fá álit Samkeppniseftirlitsins á

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).



samruna Odda og Skólavörubúðarinnar en hin félögin séu í ólíkum rekstri innbyrðis. Þar af leiðandi nái samruninn til ólíkrar starfsemi. Beri þar í fyrsta lagi að nefna smásölu á sviði skrifstofuvara og húsgagna, prenthylkja, pappírs, ritfanga, bóka, föndurs og hannyrða. Í örðu lagi sé um að ræða smásölu á útvarps- og sjónvarpstækjum. Loks sé um eignarhaldsfélög að ræða.

3.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort að samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opin eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að umræddur samruni sé líklegur til að valda röskun á samkeppni hér á landi. Því er ekki ástæða til að hafast að vegna samruna JK Fjárfestinga ehf., MK Fjárfestinga ehf., Eico ehf., Tarra ehf., A4-skrifstofuvara ehf. og Fálkamýri ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

“Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna samruna JK Fjárfestinga ehf., MK Fjárfestinga ehf., Eico ehf., Tarra ehf., A4-skrifstofuvara ehf. og Fálkamýri ehf. á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.”

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson



